

Ed.

832. Breytingartillaga

[62. mál]

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

Frá menntamálaráðherra.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, sem orðist svo:

Á eftir 2. mgr. 11. gr. laganna kemur ný mgr., svo hljóðandi:

Nú leggjast landshlutasamtök niður. Skal þá hver sýslunefnd og hver bæjarstjórn í fræðsluumdæminu kjósa einn fulltrúa í fræðsluráð. Ráðherra getur með reglugerð kveðið nánar á um kosningar í fræðsluráð og um aðrar breytingar, sem slík skipan kynni að hafa í för með sér.